

1. - 21/22 Fundur Kjaranefndar LEB 10.8.2021 - Fjarfundur

Mætt voru: Þorbjörn Guðmundsson, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, Ásgerður Pálsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir og Jón Ragnar Björnsson. Einnig sat Helgi Pétursson, formaður LEB, fundinn.

1. Helgi setti fund, þakkaði fólki fyrir að koma til starfa í nefndinni, skipaði Þorbjörn formann og Jón Ragnar ritara.

Þorbjörn tók við fundarstjórn og ræddi um starf nefndarinnar.

Fyrsti liður í áhersluatriðunum fimm sem samþykkt voru á aðalfundi LEB fjallar um kjaramál og eðlilegt að nefndin taki mið af þeirri samþykkt í vinnu sinni.

LEB hefur átt fund með Samtökum fjármálafyrirtækja og ástæða fyrir nefndina að fylgjast með framhaldinu.

Þorbjörn lagði til að nefndin hittist dagstund á vinnufundi þar sem m.a. verði farið yfir skýrslur sem út hafa komið undanfarna mánuði. Það var samþykkt einróma. Skýrslurnar sem um ræðir eru t.d. skýrsla [Ríkisendurskoðunar um Tryggingastofnun](#), skýrsla [Stefáns Ólafssonar um kjör lífeyrisþega](#), skýrsla [Gylfa Magnússonar um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila](#). Þá er Benedikt Jóhannesson að vinna að skýrslu.

[Tekjusagan.is](#) er gagnvirk vefsíða stjórnvalda sem gerir almenningi kleift að skoða með aðgengilegum hætti breytingar á lífskjörum einstakra hópa yfir tímabil sem spannar um aldarfjórðung. Hún hefur nú verði lagfærð m.t.t. ellilífeyrisþega og ástæða til að kynna vefinn fyrir eldri borgurum.

Nú liggur fyrir að 3,2% hækkun á ellilífeyri um s.l. áramót er lægri en verðbólgan og nýlega fengu þingmenn 6,2% launahækkun.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Jón Ragnar Björnsson